

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 2003

8. ágúst 2003

1897

Nr. 595

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Heildarafli og veiðítímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2003 til 31. ágúst 2004 er leyfilegur heildarafli í óslægð-um botnfiski sem hér segir:

Tegund	1. Lestir	2. Lestir	3. Lestir	4. Lestir	5. Lestir	6. Lestir	7. Lestir	8. Lestir
1. Þorskur	209.000	2.100	3.000	1.194	3.436	1.194		198.076
2. Ýsa	75.000	-	-	428	1.233	428	1.000	71.911
3. Ufsi	50.000	-	-	286	822	286	300	48.306
4. Steinbítur	16.000	-	-	91	263	91	1.000	14.555
5. Karfi	57.000	-	-	-	-	-	-	57.000
6. Grálúða	23.000	-	-	-	-	-	-	23.000
7. Sandkoli	7.000	-	-	-	-	-	-	7.000
8. Skrápflúra	5.000	-	-	-	-	-	-	5.000
9. Skarkoli	4.500	-	-	-	-	-	-	4.500
10. Þykkvalúra	1.600	-	-	-	-	-	-	1.600
11. Langlúra	1.500	-	-	-	-	-	-	1.500
12. Keila	3.500	-	-	-	-	-	-	3.500
13. Langa	3.000	-	-	-	-	-	-	3.000
14. Skötuselur	2.000	-	-	-	-	-	-	2.000

Skýringar á töflu:

1. Leyfilegur heildarafli
2. Viðmiðunarafli dagabáta skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 38/1990.
3. Til jöfnunar skv. 9. gr. a. laga nr. 38/1990.
4. Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI laga nr. 38/1990.
5. Til uppbóta skv. 1. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel- og rækjubætur).
6. Til ráðstöfunar skv. 2. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (til stuðnings byggðarlögum).
7. Til ráðstöfunar samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (krókaafلامarksbátar).
8. Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

Aflamark í botnfiski miðast við slægðan fisk með haus nema í karfa sem miðast við óslægðan fisk.

Aflamark í sandkola og skrápflúru miðast við afla sem veiddur er á svæði sunnan 64° 30' N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi. Afli í sandkola og skrápflúru sem veiddur er norðan þessara lína reiknast ekki til aflamarks, sbr. 2. mgr. 14. gr.

Þá er ráðherra heimilt að úthluta viðbótaraflamarki, sem nemur allt að 60 lestum samtals af óslægðum þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í 9. gr. a. í lögum nr. 38/1990, með síðari beytingum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 2003 til 31. ágúst 2004 er leyfilegur heildaraflí í öðrum tegundum en botnfiski sem hér segir:

Tegund	lestir
1. Síld (íslensk sumargotssíld)	110.000
2. Úthafs-rækja	20.000
3. Humar	1.600
4. Hörpudiskur samtals	0
þ.a. Breiðafjörður	0
þ.a. Ísafjarðardjúp	0
þ.a. Hvalfjörður	0
þ.a. Húnaflói	0
þ.a. Arnarfjörður	0
5. Innfjarðarækja samtals	1.150
þ.a. Arnarfjörður	450
þ.a. Ísafjarðardjúp	700
þ.a. Húnaflói	0
þ.a. Skagafjörður	0
þ.a. Skjálfandi	0
þ.a. Öxarfjörður	0
þ.a. Eldey	0
þ.a. Norðurfirðir í Breiðafirði	0

Aflamark í uppsjávarfiski miðast við óslægðan fisk. Aflamark í humri miðast við slitinn humar.

Leyfilegur heildaraflí af innfjarðarækju og úthafs-rækju, skv. 2. og 5. tl., er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsaflla og verður ákvörðun um heildarafla í þessum tegundum endurskoðuð að fengnum nýjum tillögum.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 2003 til 1. maí 2004.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 2003 til 1. maí 2004. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Óheimilt er að stunda humarveiðar frá og með 1. október 2003 til og með 15. mars 2004.

Veiðitími og heildaraflí annarra tegunda er ákveðinn í sérstakri reglugerð.

Úthafs-rækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafs-rækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafs-rækjuveiðisvæði o.fl., og ennfremur rækja, sem veidd er innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði sunnan 65° 10' N.

Úthafsrækja sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26° V og norðan 65° 30' N telst ekki til aflamarks í úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók hversu mikill afli sé fenginn á því svæði og tilkynni um veiðar og afla skv. 3. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar. Auk þess skulu skip sem veiðar stunda á Dohrnbanka búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti. Skulu sendingar samkvæmt ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla. Vanræksla á sjálfvirkum sendingum tilkynninga, rangar eða villandi upplýsingar í dagbók eða tilkynningum til Fiskistofu skulu leiða til þess, að allur rækjuafli skipsins í veiðiferðinni reiknist til aflamarks í úthafsrækju.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimumildum í þeim tegundum sem heildarafla er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa, sem aflahlutdeild eða krókaaflahlutdeild hafa í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark (krókaaflamark) hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild (krókaaflahlutdeild) skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipinu var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 2002 til 31. ágúst 2003, að teknu tilliti til flutnings á aflahlutdeild milli skipa.

- Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalið dregið frá:
1. Áætlaður afli dagabáta, skv. 7. gr.
 2. Aflaheimildir, sem ráðstafað er samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/1990.
 3. Aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990.
 4. Aflaheimildir sem úthluta skal skv. 9. gr. a. í lögum nr. 38/1990.

Krókaaflamarksbátar/dagabátar.

6. gr.

Bátum sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki, skal úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa á grundvelli krókaaflahlutdeildar þeirra. Um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark gilda sömu reglur um útreikning, nýtingu og framsal og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum eða reglugerð þessari.

Bátum sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki, er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net. Afli sem fæst við slíkar veiðar reiknast til aflamarks bátsins.

Heimilt er að flytja til krókaaflamarksbáts aflamark í öðrum tegundum botnfisks en tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar. Aflahlutdeild í öðrum tegundum en tilgreindar eru í 1. mgr. er ekki heimilt að flytja til krókaaflamarksbáts. Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaaflamark í, skal skerða aflamark hans í öðrum tegundum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990. Hverjum báti skal þó heimilt, án þess að til skerðingar komi, að veiða allt að 2% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

7. gr.

Bátar, sem eingöngu stunda veiðar með handfærum með dagatakörkunum, samkvæmt

ákvæðum 6. gr. laga nr. 38/1990, kallast dagabátar. Viðmiðunarþorskafla dagabáta er 1,0047% af leyfilegum heildarþorskafla hvers árs. Um veiðar dagabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2003/2004.

Útreikningur aflamarks.

8. gr.

Pegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,90 og löngu með 0,80.

Pegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,90 en löngu með 0,80.

Pegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Pegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Sé botnfiskafla, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, ekki endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs fyrir útflutning, samkvæmt reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, skal reikna aflann með 10% álagi til aflamarks.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir áðurgreindum stærðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslíð, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða.

Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

Heimilt er skipstjóra að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þessi heimild takmarkast við 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðiarinu og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega.
- Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

9. gr.

Pegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2003 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 2003 til 31. ágúst 2004, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal aflamarks og aflahlutdeildar.

10. gr.

Pegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðheimildir skipsins verði bersýnilega

umfram veiðigetu þess. Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og er undir 15 brúttótonnum.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem skipi er úthlutað. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks vegna breytinga á skipakosti viðkomandi útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning og skal tilkynningin einnig vera undirrituð af útgerðaraðila þess skips sem aflamarkið er flutt til.

Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggja samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með síðari breytingum. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laga nr. 13/1998 nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000 með hverri tilkynningu. Gjaldalagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

11. gr.

Flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og er undir 15 brúttótonnum. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila: a. aðila er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991, b. aðila, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa, c. aðila, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998, enda hafi samþykki þeirra verið þinglýst.

Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa ásamt fullnægjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2004. Berist umsókn eftir 31. júlí 2004, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2004/2005.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinnna tegunda en sem hér segir: Þorskur 12%, karfi 35%, ýsa, ufsi, grálúða,

síld, loðna og úthafsærækja 20%. Um takmörkun á yfirráðum einstakra aðila yfir aflahlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990.

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða 1.800 kr.

Veiðiskylda.

12. gr.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt 13. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiarinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiriháttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar, samkvæmt þessari grein.

Þorskígildisstuðlar.

13. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiaríð 1. september 2003 til 31. ágúst 2004 eru þessir:

Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar
þorskur	1,00	grálúða	1,44	humar (slitinn)	6,74
ýsa	0,94	gulllax	0,36	innfjarðærækja	0,46
ufsi	0,43	skarkoli	1,16	úthafsærækja	0,72
karfi	0,50	langlúra	0,61		
skötuselur	1,68	þykkvalúra	1,69		
steinbítur	0,68	skrápflúra	0,43		
langa	0,79	hörpudiskur	0,24		
keila	0,50	loðna	0,05		
sandkoli	0,47	síld	0,10		

Ofangreindir stuðlar gilda við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og varðandi færslu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 38/1990.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vígta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar nr. 522/1998 um vígtun sjávarafila.

Afla af skrápflúru og sandkolla sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 3. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem halda til úthafsærækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi

veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður aflfi um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski eða makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 5. mgr., enda hafi aflfi og aflsamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

15. gr.

Útgerðum skipa sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttækinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður sbr. reglugerð nr. 910/2001, um skýrsluskil vegna viðskipta með afla.

16. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í tómstundum enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar eða veiðistangir. Óheimilt er að selja aflann eða fénytá á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafra skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafra.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 489, 3. júlí 2003 um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2003/2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. ágúst 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.